

Fundargerð 135. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 22. ágúst 2019 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Svanur Gunnsteinsson, Andrés Bjarnason og Brynjólfur Árnason

Fjarfundur: Símon Guðvarður Jónsson

Fjarverandi: Guðni Þór Elisson og Agnar Ólason

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 134
2. Fundaráætlun.
3. Staða kjaramála.
4. Verkefni haustsins.
Lýsa - VM-þing ofl.
5. Húsnæðismál.
6. Orlofsmál.
7. Önnur mál.

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 134

Í ljós kom að það gleymdist að senda út fundargerðina og því var undirritun frestað til næsta fundar.

2. Fundaráætlun

Formaður lagði fram fundaráætlun út árið. Áætlunin var samþykkt en ákveðið að flýta desember fundinum um viku. Næsti fundur verður fimmtudaginn 26. september á Laugarvatni, síðan verða þeir fimmtudaginn 24. október, fimmtudaginn 21. nóvember og fimmtudaginn 12. desember

3. Staða kjaramála

Í vor var samið á almenna markaðnum og í framhaldi af því fóru aðrir samningar af stað. Fljótlega var ákveðið að fresta þeim til haustsins vegna sumarleyfa. Við kláruðum samt samning við Norðurorku. Nú eru hinir að fara af stað aftur en það gengur samt frekar hægt því menn vilja sjá hvað ríkið gerir í sambandi við styttingu vinnuvikunnar.

4. Verkefni haustsins

Lýsa – Rokkhátið samtalsins fer fram á Akureyri dagana 6. og 7. september. Þarna verða margir fyrirlestrar sem hægt er að velja úr. Augýsing um hátíðina er á heimasíðunni og allir velkomnir sem vilja.

Undirbúningur og skipulagning VM þingsins helgina 13 – 15 september er í fullum gangi. Auglýsingin er á heimasíðunni og tölvupóstur hafa verið sendir. Þema þingsins er fjórða iðnbyltinginn.

Formaður óskaði eftir leyfi stjórnar til að vera með 3 laugardagsfundi yfir veturinn núna í vetur og næsta. Hann vill ákveða að hafa þetta tvo vetur en ekki gefast upp eftir fyrsta fund vegna lélegrar mætingar. Hann er byrjaður að hugsa hvað verður en ekki alveg kominn með það nelgt. Veitingar verða í boði. Stjórn samþykkti.

5. Húsnæðismál

Formaður sagði frá því að fasteignasali hafi komið og gert verðmat á húsinu og okkur bjóðast makaskipti á húsnæðunum. Á síðasta aðalfundi var samþykkt að fara út í skiptingu á húsnæði með þeim forsendum að við værum með forkaupsrétt. Nú býðst okkur að kaupa allt húsið. Formaður spurði hvort stjórnin væri ekki sammála því að þó svo að rætt hafi verið um þennan forkaupsrétt á aðalfundinum þá hefði ekki verið gefin heimild til að kaupa.

6. Orlofsmál

Áður hefur verið ákveðið að selja bæði Hraunborgir og Klaustur. Hraunborgir hafa verið skoðaðar en lítið að gerast. Formaður óskaði eftir að fá að lækka verðið á Hraunborgum til að sjá hvort þá takist að selja. Hvar Klaustur varðar þá er verið að vinna í að finna fasteignasala til að láta gera verðmat á húsunum

Þrif á orlofsíbúðum. Rafiðnaðarsambandið, Afl og fleiri hafa samið við Sólar um þrif og eftirlit með sínum íbúðum. Rafiðnaðarsambandið rúkkar fyrir þessi brottfararþrif og er það 3.000 í byrjun og svo 500 kr. fyrir hvern sólahring eftir það en þó aldrei meira en 7, sem sagt 6.000 fyrir vikuna. Formaður lagði fram tilboð frá Sólar ehf sem orlofsnefnd er búin að fara yfir og samþykkja og óskaði eftir samþykki stjórnar til að fá að ganga frá samningi. Í framhaldinu verður svo hægt að skoða hvort farið verði í að minnka framlag orlofssjóðs til félagssjóðs til að dekkja kostnað því þetta er jú dýrar. Formaður sagði einnig frá því að svipað er upp á teningnum á Akureyri. Securitas sagði upp öllum samningum um eftirlit með íbúðum en eru tilbúnir að semja aftur en á öðrum kjörum. Rafiðnaðarsambandið er með samning við Munda afa og í þeim samningi eru brottfararþrif eins og hjá Sólar. Umræður voru um þetta og skiptar skoðanir en að lokum var ákveðið að semja við Sólar og Munda afa í eitt ár til að byrja með og sjá hvernig þetta kemur út.

7. Önnur mál.

- Beiðni kom frá N4 um fjárstuðning vegna þáttargerðar sem munu bera heitið „**Miklu meira en fiskur – gríptu tækifærið**“ – þetta eru fræðsluþættir um nám er hentar þeim er vilja starfa við alþjóðlega atvinnugrein – sjávarútveginn – þar sem hátækni er áberandi.

Áhersla verður lögð á að sýna fjölbreytni starfa, enda sjávarútvegur „miklu meira en fiskur“ Samþykkt var að styrkja verkefnið um 290 þúsund kr.

- Verið er að leggja ljósleiðara í Bláskógarbyggð og ætlum við að vera með í því amk. láta byrja á að leggja að svæðinu.
- Fundur var um daginn vegna félaga með beina aðild. Nú er Grafía að ganga inn í Rafiðnaðarsambandið og því þarf að dekkja þeirra sæti í miðstjórn. Formaður sagði líka frá því að ASÍ væri að fara til Palestínu og að miðstjórnin sæti fyrir í þá ferð. Hann ætlar samt ekki að fara, finnst mikilvægara að sinna kjarasamningsmálum sem í gangi eru.

Fundi slitið 14:50